



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahóllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/1857*

*komudagur 16.4.2004*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2004

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga, mál 782, frumvarp til ábúðarlaga.

Landssamband veiðifélaga gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarp til ábúðarlaga, nánar tiltekið 10. grein þess.

Í fyrrgreindri grein er kveðið á um leiguliðaafnot ábúanda. Þar er kveðið á um að ábúandi skuli hafa full afnotaumráð þeirra nytja sem jörðin gefur af sér og skulu hlunnindi fylgja að undanskildu því sem upp er talið í 11. gr. Þá eru heimildir í ákvæði til bráðabirgða um að samningar sem gerður voru fyrir gildistöku laganna um þessi efni skuli halda gildi sínu.

Landssamband veiðifélaga bendir á að ákvæðið eins og það kemur fyrir í 10. gr. frumvarpsins samrýmist ekki núgildandi ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði sbr. 2. gr. 3. mgr. sömu laga. Það er skoðun LV að leiguliðaafnot hvað veiðihlunnindi varðar eigi að lúta samningum jarðareiganda og ábúanda. Það fyrirkomulag sem lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi er ótvírátt til þess fallið að torvelda jarðareiganda að byggja jörð sína ábúanda ef hann vill halda umráðum yfir veiðihlunnindum jarðarinnar sjálfur. Það færast nú í vöxt að eignarhald jarða með veiðihlunnindum er á hendi aðila sem ekki sitja jarðirnar sjálfir. Í því ljósi kunna ákvæði 10. gr. að leiða til þess að færri hlunnindajarðir séu setnar en ella.

Því er lagt til að veiði megi undanskilja þegar samið er um afnot leiguliða líkt og kveðið er á um í núgildandi lögum um lax og silungsveiði

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður